

Tillaga til ályktunar

Aðalfundur Kviku banka hf. 21. mars 2024

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi tillaga til ályktunar verði borin undir aðalfund Kviku banka hf. til samþykktar:

„Aðalfundur Kviku banka hf., haldinn 21. mars 2024, beinir því til stjórnar félagsins að endurskoða starfsreglur tilnefningarnefndar, auk nauðsynlegra breytinga á samþykktum félagsins, fyrir næsta aðalfund og leggja til breytingar á þá leið að allir fulltrúar tilnefningarnefndar verði kosnir á aðalfundi hverju sinni og að stjórnarmenn séu ekki kjörgengir til setu í nefndinni nema slíkt sé skylt samkvæmt lögum. Stjórn leggi til fulltrúa í nefndina við aðalfund en hluthafar hafi jafnframt tillögurétt.“

Greinargerð

Gildi fagnar þeirri tillögu stjórnar að komið verði á fót tilnefningarnefnd hjá félaginu.

Í tillögum félagsins felst að tveir nefndarmanna í tilnefningarnefnd félagsins séu kosnir af hluthafafundi og einn skipaður af stjórn félagsins. Þá gera starfsreglur tilnefningarnefndar ráð fyrir því að ef aðalfundur synji tillögum stjórnar um skipan í tilnefningarnefnd skuli stjórn boða nýjan fund innan fjögurra vikna og leggja þar fram nýja tillögu til staðfestingar.

Að mati sjóðsins væri það heppilegra fyrirkomulag til framtíðar við skipun í nefndina að hluthafafundur kjósi alla fulltrúa nefndarinnar. Það gæti verið útfært á þann hátt að til þess að tryggja framboð í nefndina skuli stjórn leggja til þrjá fulltrúa í tilnefningarnefnd við aðalfund félagsins. Hluthafar hefðu að sama skapi rétt til þess að tilnefna fulltrúa í nefndina innan tiltekins frests. Verði tilnefningar fleiri en laus sæti yrði kosið á milli viðkomandi aðila. Er þetta lagt til í því skyni að áhersla sé á að um sé að ræða nefnd á vegum hluthafa og að hægt verði að ná fram niðurstöðu um það á aðalfundum eða hluthafafundum bankans ef hluthafar hafa aðrar hugmyndir um fulltrúa í nefndina en lagðar eru til af hálfu stjórnar.

Þá er að mati Gildis almennt ekki heppilegt að stjórnarmenn eigi sæti í tilnefningarnefndum og gerir ályktunin ráð fyrir því að þeir taki ekki sæti í nefndinni. Ýmis dæmi hafa komið fram um það hjá skráðum félögum að slíkt fyrirkomulag hafi ekki gefist vel. Bæði hefur komið til þess að stjórnarmenn hafi sagt sig frá störfum þegar stjórnarkjör stendur fyrir dyrum sökum vanhæfis og einnig hafa verið áhyggjur af því, þegar stjórnarmaður tekur þátt í störfum nefndarinnar, að viðkomandi hafi áhrif á niðurstöðu nefndarinnar í eigin þágu. Þykja þessi rök að mati sjóðsins vega þyngra en þau að tryggja að stjórn geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri gagnvart nefndinni. Sjónarmiðum stjórnar félagsins er unnt að koma á framfæri með öðrum hætti, s.s. með viðtölum við stjórnarmenn og/eða, líkt og starfsreglur félagsins geri ráð fyrir, með því að

stjórn tilnefni tengilið við tilnefningarnefnd til þess að tryggja nauðsynlegt upplýsingaflæði á milli þessara stjórnunareininga félagsins.

Þá vekur Gildi athygli á að Kvika banki telst ekki kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki (fellur ekki undir 53. gr. laga nr. 161/2002) og er því ekki bundið af þeirri kröfu að þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skuli vera stjórnarmaður í viðkomandi fjármálafyrirtæki og aldrei færri en einn. Með vísan til fyrrgreinds rökstuðnings fyrir ályktunartillögu þessari er það mat Gildis að ekki liggi góð rök að baki því sem kveðið er á um í ákvæðinu, að a.m.k. þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skuli vera stjórnarmaður og aldrei færri en einn. Gildi telur lagaákvæðið ekki til eftirbreytni fyrir önnur skráð félög á markaðnum, óháð því hvort þau séu fjármálafyrirtæki eða ekki, og að ákvæðið sé fremur þess eðlis að það þarfnist endurskoðunar.

18. mars 2024

Gildi-lífeyrissjóður